

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 20/2003**

**frá 31. janúar 2003**

**um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XVII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 171/2002 frá 6. desember 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögverndun uppfinninga í líftækni <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun 98/44/EB byggir á skilgreiningu og tilvísun í reglugerð ráðsins (EB) nr. 2100/94 <sup>(3)</sup> sem hefur ekki verið felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 9c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB) í XVII. viðauka við samninginn:

„9d. **398 L 0044:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögverndun uppfinninga í líftækni (Stjtið. EB L 213, 30.7.1998, bls. 13).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 38, 13.2.2003, bls. 36 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 9, 13.2.2003, bls. 24

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 213, 30.7.1998, bls. 13.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 227, 1.9.1994, bls. 1.

Með hliðsjón af einkaleyfasambandinu milli Liechtensteins og Sviss, skal Liechtenstein ekki afgreiða nein einkaleyfi samkvæmt þessari tilskipun.“

2. gr.

Texti tilskipunar 98/44/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. febrúar 2003, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 31. janúar 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna